

HEIMIR



IV. úrgangur

WINNIPEG, 1907.

3. blað.

TIL ÞEIRRA MEÐSEKU.

EFTIR

HENRIK IBSEN



MITT heima' í norðri, fólk, og fagra land
Með fjöll, sem mjöllug kreppa' að ljóssins öldum,
Með fararhaft um flæði, hraun og sand,
Og flugmagn andans tept af öðrum völdum —
Í þungu skapi þér eg flyt minn óð, —
Og þann minn hinsta, spáir dapurt geðið,
Því enginn hefir yfir dauðri þjóð
Sem eitt af hennar skáldum grafþjóð kveðið.

Og hér er sýkin. — Eg sé ógnar lík
Sem Ýmis, rotna, breiða' út voða-plágu,
Og loftið eitrað fyllir fjörð og vík,
Og flytur sjúkdóm jafnt þeim háu og lágu,
Und öllum Noregs fánnum fel það hræ!
Þig, fram til starfs þess kveð eg, fólkíð unga!
Þar Jómsvíkingum jarlinn mætti' á sæ
Því jötunlíki varpa' í hafsins drunga.

Geym ei að Haralds dæmi það ið dauða.
 Hann dró að greftra Snjófríð'r sinnar ná.
 Og trú þú ei, að bærisk blóðið rauða
 Í brjósti líks, og hjartað finnist slá.
 Því það, sem dautt er, lifnar aldrei aftur,
 Og alt, sem dautt er, hverfi' í duftið, því
 Að hlutverk þess, ið eina, innir kraftur
 Ins unga frjómagns nýjum gróðri í.

En þennan lyga lífsleik með það dauða
 Þú leikið hefir jafnt í fjölmörg ár.
 Þín æskusynd er það og þáttur nauða,
 Og þaðan stafa mun þitt sjúkdóms fár
 Í framtíð þinni. — En þann öðrum fremur,
 Sér ætlar hefnd, og tífold slær hún þann,
 Sem þjóðin setja fremst í fylking vann,
 En hundraðföld hún loks í koll þér kemur.

Vér dýrkað höfum kynslóð allra öfga,
 Og undurskrauti hlaðið dauða tíð,
 Og minninganna hallir vopna höfga
 Til hugarléttis veslum dvergalýð.
 Og fornri hreysti lof í ljóð var sett;
 Oss láðist hitt, því slíkt var meiri þarfi:
 Að spyrja oss sjálfa hvort það muni rétt,
 Sá handarlausi taki þar við arfi.


Nú fellur kyrðin lognró yfir landið,
 Og loftsins mollur gufa' að fjallaskör.
 Það er sem slægráð seið og svikum blandið
 Sé sett og grópað inn í þjóðlífskjör.
 Sem hnípinn fugl við sorta sólna bauga
 Eg sé hve drúpir þjóð við ráðin vönd;
 En mergur þornar, magnið doðnar tauga,
 Í miðdagshúmi gránar fell og strönd.

Sinn eldmóð skáldið anda vöktum sendir,
 Og ástigs skal þess merki borið fremst,
 Ef táp og vilji' að takmarkinu kemst,
 Þar tímans gáta' á ráðning sína bendir.
 Og skáldið glæðir, leysir lýðsins þrá;
 Það lýsir fólksins sorg og gleði' í óði,
 Og brot og iðrun stillir strengjum á,
 Í stuttu máli', oss skemtir það með ljóði.

Og vegna þess eg hug og hjarta sný
 Frá hindurvitnum þínum, dauða Saga,
 Og tálardraumi síðar sælli daga,
 Og geng nú þaðan þokuheiminn í.
 Í greniskóginn inn eg aleinn reika,
 Þótt óveðursins dynji skúrin römm,
 Í haustkveldsmyrkrið, sem ljær skýli skömm,
 Mér svefn sem fleirum eftir örðugleika.

En kvæðið er sem hæð klædd lyngi er hækkar
 Svo hægt og jafnt er dregur upp frá bæ,
 Og hana bakvið hvirfing jökla stækkar
 Með hvíta toppa' og svalan fjallablæ.
 Eg hefi lágt minn ljóðsöng þenna stilt;
 En lági tónninn geymir djúpa hljóðið,
 Og skiljist efnið anda bragsins fyllt
 Svo undirspilið skilst í þessu ljóði.

Kristinn Stefánsson.



“Umbreyting og umbreytingar skuggi.”

Saxneska skáldið eða hirðmaðurinn, er Beda prestur hinn helgi segir frá, átti að hafa svarað Játvin konungi á þessa leið, er konungur spurði, hversu líf vort manna væri: „Líf vort, konungur, er eins og þá vér sitjum inni í höllinni, hlýrri og uppljómaðri, og inn um dyrnar flýgur fugl utan úr myrkrinu, og samstundis aftur út í myrkrið, hvaðan hann kom. Sé nokkur sá maður er oss fræða megi um næturmyrkrið, er vér erum frá komnir, og nótt þá hina löngu, er við oss tekur, þá látum oss hlýða á orð hans, og segi hann til hið sanna.“ Og þar var þá maður, er þóttist mega fræða konung og hirðmenn um upphaf og endir mannglegrar tilveru. Og hann talaði máli kyrkjunnar í Róm. Orð hans fengu góða áheyrn. Hann las upp söguna um sköpun heimsins á sex dögum, sköpun mannsins og fráfall, friðþægingu hans fyrir krossdaða Galíleans, lykлавöld Péturs, og vald páfastólsins að leysa eða binda á jörð. Játvin konungur tók trú, lét skírast, og landið var kristnað á þeim degi.

Þetta var um árið 600. Síðan hafa liðið 1300 ár.

Enn er þetta sama kristnið flutt. En aldarhátturinn hefir breytt. Marga langar til að spyrja meir út í þessi trúaratriði og þá sérstaklega, hvernig trúboðar vorrar gömlu kyrkju fái vitað, að bókin, sem fræðir þá á þessum hlutum, segi satt frá. Þeir eru seinni á sér en Játvin, að láta skírast.

En langlundargeð trúboðans þreytist, og hann tekur sannleiksleitun spyrjendanna með fáleikum. Og honum finnst, að þessir menn séu skyldugir að taka boðskap sínum, hvort hann sé sannur eða ekki sannur, hvort hann sé samhljýða eða ósamhljóða rödd tímans, og það, sem standi þeim í vegi fyrir að taka á móti þessum boðskap, verði að upprætast hjá þeim. Og það er *efinn*. En efinn á rót sína að rekja til samvizku og sannleikstilfinningar mannsins. Það er *samvizkan* eða *sannleikstilfinningin*, — hún verður að rífast upp með rótum. En það gjörist með degi hverjum vandasamara verk. Hún á orðið svo djúpar rætur og henni kemur lífsmagn frá öllum hliðum. Stefna

mannlegra hugsana í öllum öðrum greinum er frjáls og óheft sannleiksleitun.

Og hví skyldi menn ekki efast um þessar sakir? Hví skyldi menn ekki hlýða eins fúslega á orð þeirra, er eitthvað kunna að segja oss nýtt af „næturmyrkri því, er vér erum komnir frá, og nótt þeirri hinni löngu, er við oss tekur“, eins og áður fyr, eins og um aldamótin 600.

Það er auðsætt, eitt af tvennu, að sendiboðinn frá Róm eða Genfeða Wittemberg annaðhvort vill ekki eða getur ekkert frætt oss um þær sakir, eins lengi og hann bregður ekki út af þeim boðskap, er þaðan er útgenginn. Hver vill banna auganu að sjá eða eyranu að heyra?

„Þeir sem hafa eyru að heyra, þeir heyri!“

„Kenning yðar er gömul og grá fyrir hærur, *réttráuðu* vinir.“ En er ekki öllu meiri ástæða til að fhuga hana þess eina vegna? Er ekki hver einn einasti *einlægur* talsmaður hennar andlegur herðalotinn hærulangur? Breytir hún ekki ungdómi í elli, ef sannfæringin fyrir gildi hennar grípur hugann? Stundin er ekki löng, meðan æska hlær; hún er of löng í mannheimum, meðan elli grætur.

Hinar aðrar hliðar þjóðlífsins biðja um æskulyf. Á trúin þá að byrja ellilyf?

Og svo er enn önnur ástæða til að fhuga þessa kenningu af því hún er gömul. Fornöldin hefir í hvívetna farið fram hjá sannleikanum. Mannlífið til forna er að eins byrjun í áttina til nútímans, því verður aldrei neitað. Náttúruvísindin kendi hún skakt, mannfræðina kendi hún skakt, landafræðina kendi hún skakt, söguna falsaði hún, stjórnufræðina þekti hún tæpast, eðli mannsálarinnar alls ekki. En trúna alls eina kendi hún rétt. Er nokkur ástæða til að halda það? Að eins eina trúarskoðun af þúsundum, er mannkynið hefir búið sér til? Eða er svo saga þessarar einu trúar þess leiðis, að hún sé sannleikurinn og réttlætið sjálft? Hver hefir ofsótt fræðimenn fram til þessa dags? Hver kveikt bál Rannsóknarréttarins? Hver lokaði heimspekiskólunum fornu? Hver hlóð valköstum um alla Norðurálfuna? Hver háði Þrjátíu-ára-stríðið? — — *Kyrkjan.*

En kyrkjan er ekki hið sama og trúarboðskapur hennar, og trúin orþódoxa. En hver hefir þá varðveitt trúna? Kyrkjan.

Fyrir hverju hefir kyrkjan barist, ofsótt, brent og líflátið?— Trúna. Dregur þá ekki saman með hvortutveggju?

Nei, saga þessarar trúar, þess eina, er fornöldin á að hafa kent satt og rétt, ber það ekki með sér, að sú trú sé sannleikur og réttlæti. Réttlætið þarf ekki að drýgja morð eða brenna eða ræna, sannleikurinn þarf ekki að beita lýgi né svikum og gjörast þeim samlaga.

Það er sama sagan. „Ef Satan rekur út Satan, þá er hann sjálfum sér sundurþykkur, en ef eg rek djöfla út fyrir Guðs anda, þá er Guðsríki komið til yðar.“ En Guðsríki er ókomið. Satan rak ekki út Satan, heldur sannleikann. Æðsti presturinn krossfesti Krist, en Kristur krossfesti ekki æðsta prestinn. Ef það hefði verið, væri ekkert athugavert við vitnisburð sögunnar.



Framþróun trúarbragðanna.

Síðan að breytiþróunarkenningin, sem kend er við Darwin, var alment viðurkend á meðal vísindamannanna, hefir um ekkert verið eins mikið talað og breytingu og þroskun. Alstaðar þar sem náttúruvísindin komast að með rannsóknir sínar, sanna þau að breytiþróunarlögmálið er sístarfandi, og að þau form og þær lífsmyndir, sem best eru fallnar til að standast baráttuna við hið óblíða í kringumstæðunum, lifa lengst og skapa sér nýjar kringumstæður.

Það hefir minna verið talað um breytiþróum í þeim efnum, sem vanalega eru kölluð andleg, til aðgreiningar frá því, sem er efnislegt eða líkamlegt og hefir hingað til verið því nær eingöngu starfssvið vísindanna. En nú á síðari árum hefir meiri

áherzla verið lögð á sálarfræðina. Sérstaklega hefir sálarfræðin í sambandi við trúarbrögðin verið gerð að rannsóknarefni af ýmsum nafnkendum fræðimönnum, eins og t. d. prófessor W. James og mörgum öðrum. Við það hefir athygli flestra frjálslyndra manna dregist meira og meira að breytiþróuninni í trúarbrögðunum og trúarreynslu manna yfir höfuð. Sálarfræðisrannsóknirnar sýna, hvernig trúarbrögð hvers einstaklings út af fyrir sig breytast og þroskast, eftir því sem hið andlega líf hans tekur framförum. Eftir því sem sálarlíf einstaklingsins verður auðugra og hugsun hans yfirgripsmeiri, eftir því verða trúarbrögð hans frjálsari og minna bundin við utan að komandi og innrættar trúarkreddur. Að vísu er það að eins þar, sem einhverjir möguleguleikar eru fyrir hendi, að trú einstaklingsins geti þroskast; það er að segja þar sem vissum viðteknum skoðunum er ekki leyft að hafa svo algjört vald yfir hugsun einstaklingsins í þeim efnum, að hans eigin skoðanir komi aldrei fram.— Vísindaleg sálarfræði kennir oss, að barnið hafi enga trú til að byrja með, fremur en það hefir þekkingu eða tilhneingingu til nokkurrar vissrar afstöðu gagnvart því, sem það sér í kringum sig, frá byrjun tilveru sinnar. Gömlu „intuitionalista“ kenningunni um meðfæddar hugmyndir hefir verið kollvarpað af hinni vísindalegu sálarfræði, sem eingöngu styðst við rannsóknir. Samkvæmt henni er barnssálin lík óskrifaðri pappírsörk, sem skrifa má á, hvað sem vera vill, alt eftir því hver áhrifin eru, sem barnið verður fyrir. Erfðatilhneigingar koma að vísu í ljós fljótt og leitast við að setja sín einkenni á öll utan að komandi áhrif. En vér megum ekki blanda saman erfðatilhneigingum, sem eru meðfæddar, og svo kölluðum erfðakenningum, sem jafnan eru innrættar, eins fljótt og barnið er meðtækilegt fyrir þær. Sé þroski sálarinnar ekki heftur á neinn hátt, þá á eðlileg framför sér stað. Sú trú, sem fyrst er innrætt, breytist þá samkvæmt reynslu og hugsun seinni ára, sé hún í byrjun að einhverju leyti ósamkvæm því, sem maðurinn, þegar hann hefir náð fullum andlegum þroska, skoðar sannast og réttast. Sálarfræðin kennir að eins um breytiþróun og framför trúarbragðanna hjá hverjum einstökum manni. Til þess að sjá framför-

ina í víðtækari merkingu, verðum vér að bera saman trúarbrögð allra þjóða og alda, svo langt sem þekking vor nær til. Sú fræðigrein, sem um þetta fjallar, heitir á ensku máli „Comparative Religion“, það er samanburður á öllum þeim trúarbrögðum heimsins, sem menn þekkjja, uppruna þeirra, ytra formi og ekki sízt hugmyndum þeim, sem liggja til grundvallar fyrir hinu ytra eðli sérhverra trúarbragða fyrir sig.

Það eru til mjög misskiptar skoðanir um það, hvernig hinum elztu trúarbrögðum mannkynsins hafi verið háttað. Vér verðum að gæta þess, að þegar um uppruna trúarbragða yfir höfuð er að ræða, þá eru engar sagnir til að styðjast við, því hvar sem ein þjóð hefir komist á svo hátt stig, að skrásetja sögu sína, hversu ófullkomin sem sú skrásetning hefir verið, hafa trúarbrögð þeirrar þjóðar staðið á tiltölulega háu stigi. Vér höfum að vísu allgreinilegar frásagnir um uppruna ýmsra trúarbragða, t. d. Kristindómsins, Mohamedstrúarinnar og Buddha-trúarinnar. En all þessi trúarbrögð, þegar þau byrja, eru á tiltölulega mjög háu þroskastigi, og eiga rætur sínar að rekja til annara eldri trúarbragða, er hafa átt sitt þroskaskeið, og ef til vill einnig sitt afturfaraskeið.

Hinir lægstu þjóðflokkar nútímans eru miklu betri leiðarvísir fyrir vísindamanninn, sem fæst við að rannsaka trúarbrögð heimsins sem heild, heldur en sagan. Suðurhafseyjaþjóðirnar, sem standa allra manna lægst, hvað alla menningu snertir, hafa auðsjáanlega engum framförum tekið um afarlangan aldur. Lífnaðarhættir þeirra og siðir eru þar af leiðandi að öllum líkindum dágott sýnishorn af menningarstigi því, sem forfeður mentaþjóðanna stóðu á einhvern tíma endur fyrir löngu. Hið sama hefir átt sér stað með trúarbrögðin; hjá þeim þjóðum, sem minsta menningu hafa, standa þau á lágu stigi og bera vott um lítið þroskaðan hugsunarhátt, þar sem aftur á móti hjá þeim þjóðum, sem hafa þroskast menningarlega, má einnig finna stöðuga framför í trúarbrögðunum í sömu átt.

Hin lægstu trúarbrögð, sem þekkjast, er tilbeiðsla dauðra hluta. Smáhlutir, t. d. bein og steinar, er hafa einkennilega lögun eða lit, eru tilbednir. Hvort það er hluturinn sjálfur eða

einhver andleg vera, sem er trúað að búi í honum, sem er tilbedinn, er ekki altaf ljóst, en vafalaust er það oftast hluturinn sjálfur, sem tilbedinn er, og er álitinn að vera gæddur einhverjum öflum eða eiginlegleikum, er hafi áhrif á og vald yfir lífi manna á einhvern hátt. Næst kemur trú á *anda*. Alt það, sem hin mjög takmarkaða þekking manna á þessu stigi getur ekki gert sér grein fyrir, er trúað að sé af völdum ósýnilegra anda, sem heimurinn er fullur af. Þessi andatrú verður til annaðhvort þannig, að við það að sjá aðra deyja, sjá lífsaflið hverfa burt úr líkamanum, trúa þeir, sem eftir lifa, að það sem yfirgaf líkamann, haldi áfram að lifa ósýnilegt í kringum þá; eða þá að við það að verða var við hulda krafta í náttúrunni, er ályktað, að þeir hljóti að vera af völdum ósýnilegra vera, er búi á vissum stöðum. Þessi trú á anda, hvort sem það eru andar framliðinna eða einhverjar aðrar andlegar tilverur, er lægra stig af fjölgyðistrú (polytheism) og er kölluð trú á marga anda (polydemonism). Smám saman verða andarnir færri, og í staðinn fyrir þá koma náttúrugudir. Fyrst, áður en menn læra að þekkja sambandið á milli eins náttúruafls og annars, eru guðirnir svo að segja á hverju strái. Hver á og hvert fjall og jafnvel tré hafa sinn guð. Þegar þekking manna á náttúruöflunum eykst, fækkar guðunum, og jafnframt því verður persónugerfi hvers guðs óákveðnara. Stormguðinn og sævarguðinn eru jafnframt því sem þeir eru persónulegar tilverur, einnig skoðaðir sem stormurinn og sjórinn í sjálfu sér. Þetta er hin verulega fjölgyðistrú, eins og vér sjáum hana í hinum fornu trúarbrögðum Grikkja, Rómverja og Norðurlandabúa, og einnig í hinum eldri trúarbrögðum Forn-Indverja. Í öllum fjölgyðistrúarbrögðum er einn guðinn gerður æðstur allra guða og jafnframt hinn elzti forfaðir hinna guðanna, alfaðir. Hinir guðirnir verða þá óæðri og máttarminni heldur en þessi eini. Hér er fyrsta sporið í áttina til eingyðistrúarinnar, þó afarlangt sé frá þessu fjölgyðistrúarstigi til hreinnar eingyðistrúar.

Framförin er ekki hin sama alstaðar. Breytiþróunin starfar ekki alstaðar eins, heldur hagar sér að nokkru leyti eftir hinum ytri kringumstæðum. Alveg eins er því varið með þroska

trúarbragðanna; hann er mjög mismunandi t. d. á Indlandi og Gyðingalandi, en alstaðar sjáum vér merki þeirra ytri kjara, er þjóðirnar hafa átt við að búa. Á Indlandi átti sér stað breyting frá fjölgyðistrú til algyðistrúar (pantheism). Í hinum elztu ritum Hindúanna gömlu, Veda sálmunum, er talað um marga guði. Agni, Indra og Varúna voru hinir helztu þeirra, en auk þeirra voru margir aðrir guðir, sem einnig voru tilbeðnir. En fjölgyðistrúin fullnægði ekki til lengdar þeirri þjóð, sem Max Mueller hefir kallað hina dýpst hugsandi þjóð heimsins. Trúin á einn allsherjar guð, Brahman, útrýmði fjölgyðistrúnni svo, að í hinum síðari helgu bókum Hindúanna er það Brahman, sem er og lifir í öllu; öll tilveran er Brahman í insta eðli sínu, og ekkert getur verið til án þess að koma frá og hverfa aftur til Brahman.¹⁾ Guð er alt í öllu, og ekkert getur átt sér stað fráskilið tilveru guðs, er útkoman af hinni merkilegu þroskun trúarbragðanna framávið á meðal Hindúanna. Þessi algyðistrú kemur bezt í ljós í ritum þeim, sem nefnd eru „Upanishads“, og í heimspekisritunum, sem voru skrifuð eftir að algyðistrúin hafði verið viðtekin af þeim hluta fólksins, er nokkra verulega mentun hafði; sérstaklega í hinni svo kölluðu Vedanta heimspeki. Hvergi annarstaðar í heiminum hefir framþróun hugmynda þeirra, er liggja til grundvallar fyrir öllum trúarbrögðum, t. d. guðshugmyndarinnar, verið jafn áþreifanleg og á meðal þess hluta Aryanska mannflokksins, sem gjörði Indland að bústað sínum.

Ef vér nú berum Gyðinga trúarbrögðin og framþróun þeirra saman við hin indversku, þá sjáum vér fljótt, að þar er um alt aðra tegund af trúarbrögðum að ræða. Flestum fræðimönnum ber nú saman um, að trúarbrögð Ísraelsmanna, Jahve trúarbrögðin, hafi átt rót sína að rekja til annara lægri trúarbragða, sem einhvern tíma hafi verið sameiginleg eign allra semítísku þjóðanna. Trú þessi var fjölgyðistrú, en smásaman þegar þjóðflokarnir skiftust í sundur og tóku sér fasta bústaði og fóru að yrkja landið, valdi hver þeirra sér einn guð, sem svo varð guð

1) Brahman er hvorugkyns orð; uppruni þess er vafasamur. Sumir fræðimenn halda, að sagnmynd þess hafi upprunalega þýtt að biðja.

Þess eina þjóðflokks og engra annara. Þessi dýrkun eins guðs sem þjóðarguðs, en jafnframt viðurkenning að það séu til aðrir guðir sem einnig séu máttugir og völdugir (henotheism), finst hvervetna í gamla testamentinu. Guðir nágrannaþjóðanna, Baalim og Astaroth, sem svo oft er talað um í ritum Gamla testamentisins, voru álitnir að vera engu síður völdugir og máttugir guðir heldur en Jahve. Að eins Ísraelsmenn máttu ekki dýrka þá vegna þess, að þeir voru annara þjóða guðir, og Ísrael var Jahve skuldbundinn, rétt eins og sá, sem er minni máttar, er þeim skuldbundinn, sem sterkari er, og heldur verndarhendi yfir honum, þegar á þarf að halda. Þegar Ísraelsmenn reyndust Jahve ótrúir og tilbáðu aðra guði, sem átti sér stað á mjög eðlilegan hátt, þar sem Jahve var í rauninni ekki guð landsins, sem þeir unnu undir sig, heldur útlendur guð fyrst um sinn, var því oft líkt við ótrúmensku giftrar konu við manninn sinn. Hóseas spámaður lítur þannig á sambandið á milli Jahve og hans útvöldu þjóðar Ísraels. Það er ekki fyrir en tiltölulega seint, að á þeirri skoðun fer að bera í Gamla testamentinu, að Jahve sé alheimsguð og að enginn annar guð sé í raun og veru til. Það er því rangt að kalla trúarbrögð þau, sem finnast víðast hvar í G. testamentinu, eingyðistrú, sé með eingyðistrú átt við trú á tilveru og mátt að eins eins guðs.

Gyðingþjóðin átti aldrei neina heimspekinga, fyrir en hún fór að verða fyrir áhrifum frá grískri menningu. Frá fyrstu tímum var hún þjóð, sem átti í vök að verjast með að viðhalda sjálfstæði sínu og verja frelsi sitt fyrir öðrum þjóðum. Á meðan Ísraelsmenn voru að brjóta undir sig landið og undiroka þá, sem þar bjuggu fyrir, sem tók afarlangan tíma og var aldrei fullkomlega aflokið, var Jahve sá guð, sem hafði velþóknun á hernaði og hreystiverkum síns fólks. Seinna, þegar aðrar völdugri þjóðir fóru að gera árásir á landið, og meiri hluti þjóðarinnar var fluttur í útleigð, þá varð Jahve guð hinna undirokuðu, réttlátur guð, sem umbunaði hinum réttlátu, og lét hefnd sína koma niður á hinum ranglátu. Fyrir þessar ytri kringumstæður, hina stjórnarfarslegu hættu, sem þjóðin stóð altaf í, og svo hugsunarhátt þjóðarinnar sjálfrar, sem ávalt snérist meira um

ytri guðsdýrkun og lagasetningar, heldur en hinn innri kjarna trúarlífsins sjálfs, varð guðshugmynd Gyðinganna svo ólík guðshugmynd Hindúanna. Þeirra guð (Gyðinganna) var altaf fyrir utan og ofan þenna heim, aldrei í þessum heimi. Hann var strangur, réttlátur guð (samkvæmt þeirra tíma hugmynd um rétt læti), sem drottnaði yfir sinni þjóð, og hjá þeim sem hæst komust, yfir þjóðum heimsins; en aldrei guð, lifandi og starfandi í mannlífinu og í hverri einstaklingssál, eins og vér finnum í hinum helgu ritum Hindúanna. Bæði þessi trúarbrögð þroskuðust, en á ólíkan hátt. Í einum er það guð í öllu, sem aðaláherzlan er lögð á, í hinum guð yfir öllu.

Tökum hver önnur trúarbrögð, sem vér þekkjum, og alstaðar er breyting, framþróun að finna. Í trúarbrögðum Forn-Grikkja er hún sýnileg. Eftir því sem heimspekingar grísku þjóðarinnar fjarlægðust meir og meir goðatrú hennar, eftir því urðu þeir fleiri, sem efuðust um sönnunargildi goðasagnanna, og hlýddu glaðir á þær kenningar, sem snertu mannlífið og lífs-gátur þær, sem hvervetna mættu hinum hugsandi manni. Þegar svo kristindómurinn breiddist út um alt rómverska ríkið, þá féllu síðustu leifar gömlu goðatrúarinnar, sem lengi hafði verið á fallandi fæti, en mikið af því, sem hafði verið gömlu trúarbrögðunum andstætt, og tilheyrði öðrum tíma en þau, blandaðist saman við hina nýju trú, og varð að kristindómi vesturþjóðanna. Þannig mætti vafalaust tilnefna öll trúarbrögð heimsins, og ef saga þeirra yrði rakin, þá mundi það koma í ljós, að hvar sem nokkur andleg framför á sér stað, þar nær sú framför einnig til trúarbragðanna.

Það hefir jafnan verið og er skoðun meiri hluta þeirra manna, er kristna trú játa, að kristin trú væri undantekning frá öðrum trúarbrögðum í öllum greinum. Skifting á öllum trúarbrögðum heimsins niður í *kristin* og *heidin* trúarbrögð, sem svo mikið gildi hefir haft í augum flestra kristinna manna, á ekki lengur við, þegar um óhlutdræga rannsókn á öllum trúarbrögðum heimsins er að ræða.

Því hefir verið trúað og er vafalaust enn trúað af öllum fjölda fólks í hinum kristnu löndum, að kristindómurinn sé guð-

lega opinberaður, þar sem aftur á móti öll önnur trúarbrögð sé óopinberuð eða náttúrleg, eins og það er kallað. Auðvitað hljóta allir að sjá, að um leið og einum trúarbrögðum, hvort heldur sem þau nefnast kristindómur eða eitthvað annað, er skipað á alveg sérstakan bakk á meðal trúarbragða heimsins, þá er allur samandurður um leið gerður ómögulegur. Ef nokkur yfirnáttúrleg trúarbrögð væru til í þessum heimi, þá væri þýðingarlaust að vera að halda því fram, að það væri betri en öll önnur trúarbrögð, vegna þess að þar sem eðli þeirra hlýti að vera öldungis ólíkt eðli allra náttúrlegra trúarbragða, gæti enginn samandurður á þeim átt sér stað með réttu. Til þess að geta ákveðið gildi yfirnáttúrlegra trúarbragða, yrði að bera þau saman við önnur yfirnáttúrleg trúarbrögð, samkvæmt möguleikum þeim, sem vér höfum til að ákveða gildi nokkurs hlutar. En öll trúarbrögð eru náttúrleg, kristindómurinn jafnt sem hin heiðnu; þau eru öll runnin út úr sálarlífi þess fólks, sem hefir haft þau; þau eru þess eign, alveg eins og tunga, siðir og allar félagsstofnanir eru eign fólksins. Þess vegna eru öll trúarbrögð mikils virði, og þess verð, að þeim sé gaumur gefinn af öllum þeim, sem vilja leitast við að skilja andlegan þroska og framfarir mannkynsins. Kristin trúarbrögð eru alveg eins til orðin og öll önnur trúarbrögð, það er ekkert yfirnáttúrlegt við þau, ekkert sem ekki er hægt að gera sér fulla grein fyrir, án þess að tekið sé til þeirra úrræða að halda því fram, að hér hafi hærri kraftur gripið inn í gang mannglegra og náttúrlegra viðburða á alveg óskiljanlegan hátt, til þess að koma fram áformum, sem í sjálfu sér eru alveg óskiljanleg í ljósi vísindalegrar þekkingar. Hér er ekkert rúm til að fara út í þá sálma, en látum oss athuga hinn sögulega þráð kristindómsins, og sjá hvort þar er nokkuð að finna, sem ekki gæti einnig átt sér stað í öðrum trúarbrögðum.

Kristindómurinn byrjar með Jesú frá Nazareth. Og hver var þessi Jesús frá Nazareth? Maður af lágum stigum, eins og alt, sem um hann finst skrifað, ber með sér. Það helzta, sem vér vitum um hann, er, að hér um bil þrjátíu ára gamall byrjaði hann að prédika fyrir fólkinu í grend við fæðingarþorp sitt,

Nazareth. 1) Honum varð mikið ágengt, að því er séð verður. Frásagnirnar um starf hans og kenningar eru fullar af kynjasögnum, eins og allar frásagnir þeirra tíma. Það sem Jesús lagði aðaláherzluna á, var kærleikurinn til guðs og manna og sannfæringin um það, að öllum mönnum bæri að skoða guð sem einn föður. Þetta voru nýjungar, sem ekki stóðu heima við hina dauðu bókstafstrá Gyðingaþjóðarinnar. Og svo, þegar þessi nýjungamaður fór að hallmæla þeim, er varðveittu feðratrúna, og fór að bregða þeim um hræsmi, þá eðlilega fékk hann þá alla upp á móti sér. Eftir eins árs starf var hann svo tekinn og lífátinn. Sú sakargift var ranglega á hann borinn, að hann hefði reynt að hrisa undir sig veraldlega valdið, og það var nægilegt að sakfella hann í augum rómversku stjórnarinnar í landinu, sem ekki skifti sér hið minsta af trúarbrögðum Gyðingaþjóðarinnar. En þó að þessi eini maður væri lífátinn, þá lifðu samt fylgjendur hans eftir. Þeir, sem höfðu daglega hlýtt á hann, stofnuðu nú félagsskap með sér, sem hefir hlotið að hafa mjög óákveðnar trúarskoðanir, því enn þá héldu þeir allir fast við hina eiginlegu Gyðingatrú. En bráðum kom maðurinn til sögunnar, sem varð hinn annar höfundur kristindómsins, Páll frá Tarsus. Hefði hann ekki með sínum dæmasáa dugnaði útbreitt hina nýju hreyfingu á meðal fólks með grískri mentun, þá hefði hreyfingin, sem byrjaði með Jesú, að öllum líkindum dáið út austur á Gyðingalandi án nokkurrar verulegrar útbreiðslu. En Páls kristindómur var ekki að öllu leyti hinn sami og sú trú, sem Jesús hafði kent. Páll var lærður gæðfræðingur, og hans hugmyndir voru eðlilega frábreyttar hugmyndum trésmíðsins frá Nazareth, sem ekkert kærði sig um guðfræði, heldur að eins um trú, sem hefði áhrif til góðs á allt líf manna. Eftir þessa byrjun sjáum vér baráttu hinna nýju trúarbragða fyrir tilvera sinni gegn ofsóknum og óvináttu þeirra, sem héldu fast við hin eldri trúarbrögð, þangað til að pólitískur bragðarefur, Constantínus keisari, gerir kristnu trúna að lögmætri trú, og veitir henni jafnrétti við hin eldri trúarbrögð; ekki af neinum

1) Jesús var ekki fæddur í Bethlehem samkvæmt skoðun flestra hinna betri hærri kritíkar manna.

kristindómas áhuga, heldur til þess að hafa vaxandi hreyfingu á sínu bandi. Eftir það byrja ofsóknir af kristinna manna hálfu gagnvart heiðnum mönnum. Í þá daga ofsótti hver sá, sem valdið hafði. Síðan fylgir krístnun Norðurlálfunnar og uppbygging páfadaemisins. Og í gegnum allt breytist trúin. Hjá fáeinum var hún vafalaust góð og hrein; hjá öðrum var hún bara verkfæri til að koma fram eigingjörnum tilgangi; hjá flestum var hún að eins ný heiðni, kölluð kristindómar. Það þyrfti skarpa sjón til að sjá í kristni kaþólsku kyrkjunnar á miðöldunum sömu trúarbrögðin og Jesús byrjaði að kenna. Allir vita svo hvernig fór. Þegar páfadaemið var sokkið niður í spillingu og orðin lítt bær byrði fjármunalega fyrir Evrópuþjóðinnar, þá fóru einstöku raddir að láta til sín heyra og andmæla valdi páfans og kyrkjunnar. Siðabótin, sem kend er við Lúter, var afleiðing slíkra mótmæla gegn valdi kyrkjunnar. En Lúter og aðrir mótmælendur sextánda aldarinnar voru börn síns tíma. Þeir voru mjög þröngsýnir menn frá sjónarmiði nútíðarinnar. Fyrir löngu síðan er farið að krefjast þess, að sú orþodoxía, er þeir stofnsettu, fylgist með í framþróun tímans og mannlífsins.

Þegar vér lítum yfir sögu hinna kristnu trúarbragða, þá sjáum vér, að þau, eins og öll önnur trúarbrögð, hafa breytt á margvíslegan hátt, að þau eru sömu lögum háð og allt annað í þessum heimi, að því leyti að tilvera þeirra er beinlínis undir því komin, þegar til lengdar lætur, að þau geti breytt. Það er ofur auðvelt að benda á, að breytingin hafi ekki alltaf verið til framfara, en svo er með alla hluti. Framþróunin heldur ekki áfram eftir beinni línu, heldur skapa hinar ytri kringumstæður framþróun, sem svo aftur skapa aðrar ytri kringumstæður.

Kristindómurinn, frá sögulegu sjónarmiði skoðaður, er ekki eitthvað eitt, sem hefir haldist óbreytt í gegnum aldirnar, heldur mannfélagsleg hreyfing, er alltaf hefir staðið í svo nánu sambandi við aðrar hreyfingar, stefnur og hugsanir, að hann verður að takast í sambandi við þær, ef vér eigum að geta fengið nokkurn skilning á, hvað hann eiginlega hefir verið. Það er þýðingarlaust að benda á kenningar Jesú eða Páls og segja, að þær séu kristindómur, eða að benda á kaþólska trú eða lúterska

trú og segja að þar getum vér fundið kristindóminn, því þar er um ólíka hluti að ræða. Alt þetta hefir verið kallaður kristindómar, og hver getur sagt, að þetta sé kristindómur, en hitt ekki? Það má eigna kristinni kyrkju alt það góða, sem til hefir verið í fari þeirra þjóða, sem hafa kallað sig kristnar um þvínær tvö þúsund ár, en það má með sama rétti kenna henni um alt hið ranga og illa, ef á annað borið með kristinni trú er átt við einhvern virkilegleika, sem á sér stað einhvern veginn fráskilinn mannlífina sjálfu. Sannleikurinn er, að kristindómurinn er eins og öll trúarbrögð einn þátturinn í mannlífstilverunni, þáttur, sem er spunninn út úr mannlífina sjálfu; og einmitt vegna þess er hann sömu lögum háður, og hver hinna þáttanna, sem heildina mynda. Það er alt náttúrlegt, og í gegnum alt sjáum vér framþróun heildarinnar. Opinberun sú, sem guðfræðingarnir hafa haldið fram, hefir aldrei átt sér stað, en opinberun hins eina í hinu marga er sannleikur, sem hver getur gengið úr skugga um, er vill opna augu sín fyrir því sem í kringum hann er og saga mannkynsins segir frá.

Maður heyrir oft talað um ómengaðan kristindóm, og þá um leið um hinar skaðlegu villuskodanir, sem alstaðar mæti þessum ómengaða kristindómi. Það er eins og sumir menn þykist hafa einhvern sérstakan rétt til að ákveða fyrir aðra, hvað sé kristindómur og hverju þeim beri að trúa. Ómengaður kristindómur er þá sjálfsagt þeirra eigin trú. En nú vill svo til, að öðrum ber ekki saman við þá í öllum atriðum. Er þeirra trú röng en hinna rétt? Er þeirra kristindómur mengaður — ef þeir á annað borið kalla sína trú kristna — en hinna ómengaður? Ef um enga framþróun væri að ræða, þá gæti verið um ómengaða trú að ræða, það er að segja trú, er væri þannig í edli sínu að henni þyrfti aldrei að breyta. En af því vér lifum í framþróun, getur engin trú haldist ómengduð í þeim skilningi, að hún taki ekki inn í sig nýjar hugmyndir og verði fyrir áhrifum frá vaxandi þekkingu og breyttum hugsunarhætti. Þeir þess vegna, sem eru altaf að reyna að koma á sjálfa sig rétttrúnaðarmarkinu og á alla aðra villutrúarmarkinu, misskilja samband trúarbragðanna við mannlífið sjálft. Þeir halda, að þau geti haldist

óbreytt—og séu þá að eins rétt—þó alt annað breytist. Þeim ferst líkt og manni þeim, sem vildi búa til nýjan streng og hefði einn þáttinn gamlan, vegna þess að einhver hefði einhvern tíma sagt, að sá þáttur væri óbilandi. En reynslan mundi kenna honum, að allir þættirnir þörfnuðust endurnýjungar við.

Enginn hugsandi maður eða kona getur svo verið, að gera sér ekki grein fyrir eðli trúarbragðanna. Það er hægt að gera það á tvennan hátt, það er hægt að taka þá útskýringuna, sem fyrst býðst, og láta hana síðan duga, hver svo sem hún er; og flestir fylgja þeirri aðferðinni. Það er líka hægt að leita útskýringarinnar sjálfur, að nota eigin hugsun til þess að komast í skilning um hið sanna í þessu efni. Afleiðingarnar af þessum aðferðum eru auðsénar. Enginn, sem lætur sér nægja fyrstu útskýringu, kemst lengra heldur en hún nær, sé hún röng verður hans skoðun líka röng. Hann lætur rétttrúnaðar glamuryrður hans sjónir fyrir sér. Hinn, sem leitar útskýringarinnar sjálfur með aðstoð þeirra manna, er hið sama hafa gjört á undan, kemst að eins rétttri niðurstöðu og hann er fær um. Það stendur rétt á sama, hvort hún er sú bezta, sem til er eða ekki, ef hún er það bezta, sem einstaklingurinn getur gert, með þeim skilningi, er honum hefir verið gefinn, þá sannarlega hefir hann gjört alt, sem í hans valdi stendur, til að komast að rétttri niðurstöðu. Og er það ekki sú réttasta niðurstaða? Er ekki „ljósið, sem býr í oss sjálfum“. beztu leiðarvísinininn, þegar allt kemur til alls? Sá, sem því trúir, skilur óneitanlega mikinn sannleik í sínu eigin lífi, nefnilega framþróunarlögmálið, sem þar starfar, sé því leyft að starfa. Og að skilja þroskunina í sínu einstaklingslífi, er að skilja hana alstaðar um allan heim, það er að sjá framförina, þróunina, til betri og hærri tilveru í mannlífinu og öllum þess stofnunum, og ekki hvað sízt í trúarbrögðunum, sem hafa svo atarmikla þýðingu fyrir mannlífsheildina á öllum tímum.

Guðm. Arnason.



Millibilsguðfræðin.

Vér finnum til þess, að það er háð barátta um flest forn þekkingar atriði manna. Það má heita, að nú á dögum sé öll lífsþekking og lífsreynsla manna endurskoðuð og yfirveguð, hvort hún hafi verið rétt þýdd á liðnum öldum. Flest trúar og siðfræðis atriði, er menn hafa haldið við öld eftir öld eru rannsökuð að nýju. Við það öðlast fjölda mörg þeirra nýja merkingu. Önnur slitna burt úr því sambandi, er þau áður stóðu í, og standa ýmist einstök sér og eru ósamrýmd nútíðar lífsskoðunum manna, eða þau hverfa alveg úr sögunni. Þannig er því varið með friðþægingarkenninguna og fordæmingarlærdóminn, tvíburamerki gömlu trúarinnar, sem nú eru orðin aðskilin, og fordæmingin fordæmd af allflestum sem villulærdómur. Fáir eru svo hraustir, að þeir geti játað afdráttarlaust trú sína á djöful og helvíti, þó trú þeirra og hagsýni hafi allmikið þanþol, hvað ýmislega smámuni áhrærir. Friðþægingarkenningin er orðin ein síns liðs síðan „þínan varð mórölsk.“

Einnig eru hugmyndirnar fornu um guð, lífsviðhaldið, ódauðleikann, réttlætismeðvitundina, ósamstæð hugtök, síðan heimspeskiskenning gömlu guðfræðinnar kollvarpaðist. Millibilsguðfræðin setur kenningar sínar um ódauðleikann, réttlætismeðvitundina, lífsviðhaldið á jörðinni, í samband við breytiþróunarkenninguna, en hugsjóninni um guddóminn—eining í þrenningu—er haldið eins og hún var til forna.

Guð í höndum millibilsguðfræðinnar verður því eins og afsettur konungur, valdalaus, útlægur og farandi í alheimi sínum. Hann er prédikaður sem biblíuguðinn, er nú fyrir nokkrum þúsundum ára skóp jörðina á fáum dögum og alt sem henni tilheyrir. En svo þegar málinu viku við til mannanna og heimsins, þá er oss kent að hvorttveggja hafi til orðið með öllum öðrum hætti, en sköpunarsagan segir, og það með mikið lengri tíma.

Þegar uppruni mannsins er á þá leið, eins og nútíðar vísindin benda oss á, þá fer að verða ervitt að skilja, hversvegna

guð og menn eru í ósátt út af atburði, er aldrei átti sér stað (syndafalli), og því menn þurfa að friðþægjast fyrir synd, er þeir aldrei drýgðu, og hversu hægt sé að sameina hugmyndina um tilveru þessa guðs og náttúrunnar, fyrst hvorugt er öðru skylt, eftir því sem millibilsguðfræðin kennir.


Það er ekki hægt að veikja trú manna á tilverunni, hennar virkilegleika. Þessi heimur vor er of áþreifanlegur og augskýnilegur til þess. Menn og dýr, jurtir og skógar, sól og tungl, dagar og nótt, hiti og kuldi—allar hinar margvíslegu myndbreytingar tilverunnar, eru mönnum áþreifanlegur vottur um, að hún sé til. En það eru margir óvissari um það, sem þeir ekki sjá. Og fjölda margir sjá ekki guð og taka ekki eftir verkum hans. Það er því hægt að veikja trú manna á guði, og oss virðist, að óhjákvæmilega muni þessi millibilsstefna gjöra það, sem á engin fræði önnur um hann en þau, sem Móses hefir þeim kent, er eingöngu byggist á því, að hann hafi líka sagt þeim rétt frá um sköpun veraldar, sem þeir þó vefengja.

Millibilsguðfræðin skilur því eftir eilíft djúp milli heimsins, eins og hún kennir hann, og milli guðs föður mannanna, eins og hún kennir hann. Og mynd sú, er millibilsguðfræðin bregður upp, er líkust myndinni úr Harbarðsljóðum, þar sem Þór og ferjukarlinn kallast á yfir sunnið:

„Hverr er sá sveinn sveina,
er stendr fyrr sundit handan?

Hverr er sá karl karla,
er kallar um váginn?“

Sannarlega lítil úrlausn á lífsins gátum! —



ÖRLÖG TRÚARINNAR

SAGA EFTIR

JAMES A. FROUDE

I. BRÉF.*

Huntley prestsetur, 4. sept. 18—

Svo langt er nú síðan, að eg lofaði að skrifa þér, kæri Árbór, að sért þú ekki nú þegar búinn að gleyma mér, þá ertu víst farinn að álíta, að bezt væri að geta gleymt jafn vanþakklátum og vesölum manni,— en nú ætla eg að vera skilvís og borga með háum vöxtum— því eg álít bréfaskuldir áþekkar öllum öðrum skuldum. Borgir þú þær strax, er það lítils metið, en dragir þú það þangað til skuldeigandi er orðinn úrkula vonar, þá kemur borgunin eins og sending frá gudi. En kannske eg gjöri mér of háar vonir, því eg hefi ekkert um að skrifa nema sjálfan mig, enga viðburði, engar tilgátur, engar skoðanir, engin ævintýri, engin hugboð, ekkert — nema mína eigin tómu tilveru, sem mér er ekki þýðingarlaust efni, en veit alls ekki, því eg er að kvarta undan við þig. Sjálfslýsingar eru ekki þreytandi eða ætti ekki að vera, sé maður hreinskilinn um sjálfan sig,— en það er svo voða ervitt að vera hreinskilinn! En sleppum því, eg ætla nú samt að vera það, og þú þekkir mig nógu vel til þess að sjá í gegnum það, ef eg er að hræsna.

Það er rétt ár síðan við sáumst, og ekkert borið til tíðinda, nema eg er enn óákveðinn og óþreyjufullur, en því skyldi eg þreyta þig með því? En eg þarf aðstoð þína, og því leita eg til þín. Ekki svo að skilja, að vandræði mín séu mikil, en eg er öfugu megin við alla hluti. Föður mínum er mjög ant um, að eg taki einhverskonar embætti, og dökku gyðjurnar þrjár hafa boðið mér blíðu sína á víxl, en engri hefi eg getað úthlutað epl-

x) Saga þessi eða frásagnir er eitt mesta meistaraverk þessa fræga höfundar, og gengur út á að lýsa sálarstríði og siðferdisbaráttu manns, er búinn er að tapa öllu trausti á trú föðra sinna, en hefir þó lært til prests. Sagan er nú eitt af listaverkum enskra bókmenta. — Heimir flytur sögu þessa í smáköflum framvegis. Þýð.

inu enn. Eg hverf frá einni til annarar, og verður alt af sú síðasta verri hinum, — svipurinn sá, að eg ann honum ekki.

Eg veit ekki hvað því veldur, að engan embættismann þekki eg, sem mér fellur; óg vissulega vildi eg ekki líkjast þeim mönnum, sem heimurinn kallar lánsama. Vegir þeirra eru ekki mínir vegir, — leiðirnar, sem þeir verða að fylgja, eru djúpt troðnar af samvískulausum og — samvískusömum mönnum. — Í engan stað eru þær of hreinar, og svo er keppnin of stríð og gefur engan tíma til umhugsunar. Eg veit að menn aðgreina eigin samvísku frá embættis samvísku; vel sé þeim, sem það geta. En eðli mannsins, eins og hönd klæðlitarans, ber skjótt vott um verknaðinn; og allir þekkja lögfræðinginn, þegar þeir sjá hann, eða lækurinn eða þjónandi prest. Þeir eru ekki blátt áfram menn, heldur menn af sérstakri tegund, og því ver, ekki eitthvað meira, heldur minna en menn, — menn, er hafa fórnad sjálfleika sínum, til að verða launuð verkfæri þessara stétta. — Það eru undantekningar, þar sem stórgáfur eiga hlut að máli, en eg er enginn ofviti, og treysti mér alls ekki til að vona, að eg yrði nokkur undantekning. Þannig fer eg heilu hringferðina, og enda þar sem eg byrjaði, í vandræðum. Þú þekkir föður minn, — réttlátari og betri maður hefir aldrei andann dregið; og þó hann sé ekki afburða greindur, þá á hann svo mikið af haldgóðu viti og skilningi, að eg er viss með, að eitthvað er öflugt, fyrst honum geðjast jafn lítið að skoðunum mínum.

Hann gat hlegið að mér, meðan eg var í skóla, eins og þú manst, vegna þess að þessir draumórar mínir, sem hann kallaði, töfðu mig ekki við námið; en nú er öðru máli að gegna, því nú brýnir hann mig með hörku að taka eitthvað fyrir, og er mér það mikil skapraun. „Þú hefir sýnt, að þú átt hæfilegleika“ segir hann, „það er skylda þín að nota þá; og skynsemi mannskynsins hefir sýnt oss, hversu bezt megi beita þeim, og það er með því að taka embætti. Það er því verra en skoplegt af ungum manni eins og þér, að reyna að vera öðruvísi en allir aðrir, og þykjast of góður til þess, sem vorir beztu og vitrustu menn eru að gjöra og hafa gjört. Bræður þínir komast virðulega og vel áfram. Því skyldi þér ekki farnast eins? Það er satt, að

óvandir menn-ná oft embættislegum metum, en það er sjaldnast vegna ókosta þeirra, heldur mannkosta, með dugnaði, fram-sýni og sjálfstjórn.“— Svo bætti hann dálitlu við, sem vakið hefir mér meiri áhyggjur, því alt hitt er það, sem eg hefi marg-sinnis sagt með sjálfum mér. Eg sagði honum, vegna þess eg ætti ervitt með að gjöra upp huga minn, að eg álitu, að bezt væri að bíða svo sem eitt eða tvö ár, og taka tíma til umhugsunar, áður en eg afréði nokkuð.

„Þú segist vilja verða að manni“, svaraði hann, „en ekki embættismanni, og skal eg ekki ráða fyrir þér í því. En á þínum aldri og með þínum hæfileikum verður þú að læra, hvað lífið er, ef ekki af mér, þá af lífinu sjálfu. Ef þú heldur að þú getir vaxið til manndóms með því að liggja hér yfir bókum, á sama hátt og líkaminn eldist, eftir því sem árin líða, þá er það sú stærsta hugsýki, er nokkru sinni hefir freistað nokkurs manns til ógæfu. Draumar skapa ekki manndóm, heldur steðjinn og sleggjan. Gakk út í lífið. Þar liggur þín köllun, og hvergi annarstaðar. En þú vilt bíða. Það er líkast barni, er hikar við árbakkann að fara í baðið. Þess lengur sem það stendur skjálfsandi, þess hræddara er það við sundið. Að ári liðnu verða erviðleikarnir meiri en nú, því þú hefir sjálfur tapað mætti. Bíð svo enn annað ár, og að líkindum verðurðu þá genginn inn í hinn síðari barndóm.“

Hvað á eg að gjöra, Árfór? Þetta er satt, hvert einasta orð. Eg finn það. Eg veit það, og það er sannarlega skamm-arlegt, að fúna niður og verða að engu. En hvað skal gjöra? Sannlega væri það mannúðlegra, að byrja strax við vögguna að ala okkur upp á þeim vegum, er við ættum að ganga, svo að þegar við færum að skrifa eða ganga með, þá byrjuðum við strax á stafrofi lögfræðinnar eða læknisræðinnar, og snúa svo barnaskólanum í réttarsal eða yfirheyrslustofu, og lesa fyrir eða lækna rifnar brúður. Fjarska yrði alt auðvelt þá. Við voguðum aldrei út af þeirri braut, en snérumst alt af í sama hringinn. En það er voðalegt axarskaft að fóstura okkur upp eins og menn og sleppa svo af okkur hendinni og segja: veljið á milli þessara þriggja vega, er allir liggja ofan á móti. Því niður á við hljótt-

um við að fara. Í lækna eða lögspeki er skyldunámið blendið, og gómsætt hegðomamál verður viðstöðulaust að leika um hræsnis varir. Segðu sannleikann og eingöngu sannleikann, og í fyrsta lagi ertu haldinn hálfviti og í öðru lagi bófi.

„En kyrkjan stendur þér þó opin“, munt þú segja; hið sama segir faðir minn. „Þar getur vandlættingamaðurinn sett sér það markmið, er hann aldrei getur náð. Þar er það allra helgasta í allri veröldinni.“ Þú hefir altaf trúað, að eg ætlaði að verða prestur, og það er satt, eg ætlaði það. Og ef þú að eins hefðir getað séð þá öfund, sem eg bar til allra minna vina, er gengið hafa fyrir altarið, til þess er vera ætti hið helgasta og háleitasta æfistarf. En hér virðist einnig veginum vera lokað fyrir mér, og það sárasta, eg má ekki segja föður mínum vegna hvers. En þér má eg segja það—en seinna. Eg verð að hugsa mig vel um, hvað eg á að skrifa þér um það, en bréf skaltu fá, þótt síðar verði.

Hve sælt væri ekki að geta eytt lífi sínu þannig! En á því furðar mig þó mest, hve dauðleiðinlegir, sem heild, flestir prestar geta verið; þeir, er um allar sínar vökustundir ættu að vera niðursokknir í hin dýpstu alvörumál mannkynsins. En það er bölvani, sem ætíð fylgir *embattinu*—krókastígnum að komast áfram í heiminum, það kemur fram í málfærinu, sem er lykillinn að því, hvað þeir eru. „*Embattisskyldan!*“—og hver er hún? Að stauta sig eftir messuforminu tvisvar á sunnudegi. Og fyrir smápeninga gegnir svo einn *skyldunum* fyrir annann. Og hvert stefnir?—að því, að hafa að eta. Það er *brauðið*, en ekki sálusorgunin, eða það sem veitir veslings kroppnum þessi þægindi, sem þeim finst sér vera orðin ómissandi. En hvað eiga þeir að hugsa um hvað af þeim sjálfum verður?

Að hlusta á þá prédika, skyldi maður ætla, eftir þeim orðum sem þeir hafa, að það, að komast áfram í heiminum, verða ríkur, láta sér líða vel, væri það allra síðasta, er nokkur kristin sál ætti að hugsa um. Það eru þeirra óbreytt orð. En meðal alls fjöldans heldur ræðustóllinn sinni fornu helgi,—en er þó óbreyttur leikpallur. Komnir úr stólnum, er það gamla sagan, gamla búksorgin, hins gamla heims, að vingast við þenna eða

hinn ríkismanninn, líta eftir hvaða brauð losni, og renna vonar-
augum til dómkyrkjunnar. Sama skrafið, heppinn var hann að
ná í dóttur biskupsins, biskupskerran er bæði vönduð og dýr, og
bezt til fara gengur biskupsfrúin í Lundúnum. Og háðungar-
leikur! Öll stólsmaelskan, þar sem verið er að útmála ædra
hugsjónalíf, fegurð kristindómsins, er, þegar til alls kemur, að
eins bragð og krókur til að ná í það, sem þeir sjálfir forðama-
Um fátæklinga og auðnuleysinga heimsins er minna hugsað. Þeir
eyða árum og æfi í þrotlausu sliti og striti. Hve fagurt væri þó
ekki að geta rétt þeim mýkjandi hjálparhönd!

Það sem prestur gæti þó gjört, ef hann að eins vildi skilja
þarfir auðnuleysingjanna! Hvað manni býður við prédikunum
eins og þær eru! Vegna hvers eru menn alt af að lemja þann
hálm, sem löngu er þresktur, eins og uppskeran er þó mikil og
alt af ný, er bíður verkamannanna? Er það af leti eða heimsku
eða af hverju er það? Þegar eg hugsu um þetta verk, þá finst
mér að eg gæti unað við það alla æfi. Eg er ekki þeim gáfum
gæddur, að skapa nýjar skoðanir, en að ryðja þeim braut. . . .
og svo hefi eg líka verið svo mikið á meðal þeirra allslausu. Og
þrátt fyrir alla þeirra fávísi og galla, get eg ekki annað en elsk-
að þeirra einlægu einfeldni jafnvel svo að mér finst eg gæti sagt
í orðum Bænabókarinnar, að eg findi hjá mér köllun til að gjör-
ast kennimaður þeirra. En samt, en samt.

Vertu sæll og fyrirgefðu. Þinn vinur, M. Sutherland.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa bladsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.